



**Viðbótarskýrsla. Fornleifaskráning vegna
lagningar ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi
*Efri-Jökuldalur - Eiríksstaðir***

Rannveig Þórhallsdóttir
2020

Forsíðumynd: Horft til suðurs yfir veg hjá Eiríksstöðum á Efri-Jökuldal. Mynd: RÞ.



© Rannveig Þórhallsdóttir
Unnið fyrir Hitaveitu Egilsstaða og Fella.
Október 2020.

Efnisyfirlit

ABSTRACT	4
INNGANGUR.....	4
LEIÐ LJÓSLEIÐARA.....	4
FORNLEIFASKRÁNING	5
EIRÍKSSTAÐIR	5
HEIMILDIR	8

Abstract

Egilsstaðir and Fell Municipal District Heating Utility (HEF) hired Rannveig Þórhallsdóttir, an archaeologist at company Sagnabrunnur to do a archaeological registration on the plowing route for an optical fibre in Fljótsdalshérað. This project has the registration nr. 2223 and here below is an additional report about Eiríksstaðir, to an earlier report with the same name. The additional report is written because of a change in the plowing route at Eiríksstaðir.

The Cultural Heritage Agency of Iceland will decide on a sufficient preservation of the archaeological remains, according to the Icelandic Heritage Law Nr. 80/2012.

Inngangur

Að beiðni Hitaveitu Egilsstaða og Fella var starfsmaður Sagnabrunns ehf., Rannveig Þórhallsdóttir, fornleifafræðingur, ráðin til að fornleifaskrá leið ljósleiðara á Héraði. Við verkið vann einnig Skarphéðinn Smári Þórhallsson, landfræðingur hjá Logg ehf. Fulltrúi verkkaupa var Aðalsteinn Þórhallsson. Verkið fékk verkefnanúmerið 2223 hjá Minjastofnun. Þessi skýrsla er viðbótarskýrsla við skýrsluna „Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi. Efri-Jökuldalur“ og er hér fjallað um breytingu á plægingarleið hjá Eiríksstöðum.

Leið ljósleiðara

Um er að ræða stórt ljósleiðaraplægingarverkefni sem unnið er í tveimur áföngum og innan þeirra er verkinu skipt í níu verkhluta. Í fyrsta áfanganum er fornleifaskráð leið ljósleiðara að 1) Eiðþinghá, 2) Völlum að Grímsá, 3) Skriðdal og 4) Efri-Jökuldal.

Í seinni áfanganum er fornleifaskráð leið ljósleiðara að 5) Jökulsárhlíð, 6) Hróarstungu, 7) Hjaltastaðþinghá, 8) Innstu Fell og 9) Völlum innan Grímsár.

Leið ljósleiðarans sem nú er til skráningar er vegna breytingar á leið hjá Eiríksstöðum í Efri-Jökuldal.



Mynd 1. Loftmynd af áætluðum breytingum á línulögn ljósleiðara hjá Eiríksstöðum. Breytt leið færð inn með blárrí línu. Ljósleiðari Milu færður inn með rauðri stríkalínu.

Fornleifaskráning

Eiríksstaðir

Strenglagn að Eiríksstöðum var tekin fyrir á fundi Minjastofnunar þann 20. október og því hafnað að fylgja fyrri tillögu um lagnaleið í „Fornleifaskráningu vegna lagningar ljósleiðara á Héraði, 1. áfanga, Efri Jökuldal“ frá september 2020. Óskað var eftir nýrri vettvangsúttekt með tillögu um nýja lagnaleið að Eiríksstöðum.¹

Samkvæmt upplýsingum sem minjavörður Austurlands hafði frá Guðnýju Zoëga² sem gróf upp forn mannabein í björgunaruppgrefti að Eiríksstöðum árið 2001, eru óhreyfðar grafir undir þeim gröfum sem raskað var árið 2001. Árið 1895 fundust tvær grafir manna að Eiríksstöðum þar sem veggir voru hlaðnir úr grjóti og botn hellulagður, en engir gripir í gröfunum.³ Guðný taldi allt benda til þess að norðan við veginn að Eiríksstöðum væri forn kirkjugarður, jafnvel frá fyrstu tíð kristni á Íslandi. Grafirnar sem grafnar voru upp 2001 lágu í A-V og engin ummerki fundust um kistur né gripir í gröfunum. Í rannsóknnum Guðnýjar á kristnum

¹ Upplýsingar í tölvupósti frá Boga Kárasyni 20.10.2020.

² Niðurstöður björgunarrannsóknarinnar á Eiríksstöðum höfðu ekki verið birtar opinberlega.

³ Þjóðólfur. (1896). „Fornar menjar“ eftir Friðrik Jónsson, skrifað 17. nóv. 1895. 13. tbl. 17.03.

kirkjugörðum frá 11. og 12. öld hefur komið í ljós að kirkjugarðarnir frá þessum tíma eru oft hringlaga, um 17-20 m í þvermál og oft nálægt bæjarhólum⁴ og telja má líklegt að grafirnar að Eiríksstöðum tilheyri hringlaga kirkjugarði enda er stutt í bæjarhólinn.

Þann 22. október 2020 fóru Skarphéðinn Smári og Rannveig á vettvang til að hitta ábúanda að Eiríksstöðum, Braga Steinar Björgvinsson, f. 1967, og bera undir hann tillögu að breyttri lagnaleið ljósleiðara hjá Eiríksstöðum. Fyrir lá tillaga um að fylgja lögn Mílu, sem Skarphéðinn Smári og Rannveig höfðu upplýsingar um að væri inni á túni Eiríksstaða, um 80 m austan við veg. Þegar á vettvang var komið og loftmyndir voru skoðaðar með ábúanda kom hins vegar í ljós að lína Mílu hafði ekki verið lögð á þann stað sem merktur var inn á þær loftmyndir sem lágu fyrir, heldur austan við veg, nálægt veglínu eins og sýnt er á mynd 1 (lína Mílu er sýnd með rauðri strikalínu). Að sögn Björgvins Vigfúss Geirssonar, f. 1945, föður ábúanda, hafði maður sem starfaði að framkvæmdum fyrir ábúendur slitið línu Mílu í sundur austan við veginn



Mynd 2. Horft til suðurs yfir austari vegkantinn hjá Eiríksstöðum þar sem lagt er til að ljósleiðari verði lagður.

fyrir slysi. Við manninn var ekki að sakast þar sem lína Mílu hafði verið lögð á öðrum stað en hún hafði verið merkt inn á loftmynd.

Ný tillaga að línulögn var gengin og mæld upp í samráði við ábúanda, sem gat bent á rétta leið línulögn Mílu. Voru engar fornleifar voru greinilegar á yfirborði línulagnarinnar.

⁴ Munnlegar upplýsingar frá Guðnýju Zoëga, 23.10.2020; Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. (2010). „Skagfirski kirkjurannsóknin.“ *Árbók fornleifafélagsins*, bls. 95-115; Guðný Zoëga and Douglas Bolender. (2017). „An archeology of moments: Christian conversion and practice in a medieval household cemetery.“ *Journal of Social Archaeology*, Vol. 17(1), bls. 69-91.

Niðurstaða:

Telja má líklegt að fleiri grafir séu enn undir veginum hjá Eiríksstöðum og fullvíst að óhreyfðar grafir eru vestan við veg að Eiríksstöðum. Því þarf að fara að öllu með gát við framkvæmdir á svæðinu. Þó má telja líklegt að um 10 m austan við þann stað þar sem björgunaruppgröftur fór fram árið 2001 sé óhætt að leggja ljósleiðara, þar sem því svæði hefur verið raskað áður þegar lína Milu var lögð.

Eftir skoðun á vettvangi og á þeim upplýsingum sem fyrir liggja, m.a. upplýsingum frá Guðnýju Zoëga og umræðum við ábúanda, var það niðurstaða skýrsluhöfundar að leggja til að línulögn Milu yrði fylgt að því er verndun minja varðar. Framkvæmdaraðilar munu sóna lagnaleiðina að Eiríksstöðum til að tryggja að farið verði á sama svæði og Mila hefur þegar lagt línulögn. Einnig er lagt til að framkvæmdareftirlit verði viðhaft á svæðinu.

Heimildir

Guðný Zoëga and Douglas Bolender. (2017). „An archeology of moments: Christian conversion and practice in a medieval household cemetery.“ *Journal of Social Archaeology*, Vol. 17(1), bls. 69-91.

Guðný Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. (2010). „Skagfirska kirkjurannsóknin.“ *Árbók fornleifafélagsins*, bls. 95-115.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2020). „Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi. Efri-Jökuldalur“. Unnið fyrir HEF. Sagnabrunnur.

Þjóðólfur. (1896). „Fornar menjar“ eftir Friðrik Jónsson, skrifað 17. nóv. 1895. 13. tbl. 17.03.

Örnefnaskrá. (1973). *Skrá yfir örnefni að Eiríksstöðum í Jökuldal*, Örnefnastofnun.